

030111

Fundur stjórnar KRAFT með fulltrúum kraftlyftingafélaga/-deilda var haldinn í fundarsal ÍSÍ í Laugardal 3.janúar 2011 klukkan 17.00

Mætt voru María Guðsteinsdóttir (Ármani), Bryndís Ólafsdóttir (UMF Selfoss), Kári Rafn Karlsson (Akranes), Halldór Eypórsson (Breiðablik), Hjalti Árnason (Mosfellsbær), Haukur Guðmundsson (Massi) og frá stjórn KRAFT Sigurjón Pétursson, formaður, Guðjón Hafliðason, varaformaður og Gry Ek, ritari.

Sigurjón setti fundinn og stjórnaði honum. Hann kynnti aðalatriði í starfi stjórnar undanfarið og gaf svo orðið laust. Umræður voru góðar og gagnlegar. Meðal þess sem bar á góma:

- FJÖLMIÐLAMÁL. Almenn ánægja með aukna umfjöllun fjölmiðla um kraftlyftingar. Til fyrirmyndar var hvernig til tókst á réttstöðumótinu á Selfossi. Einnig var eftir tekið að tukur frá kraftlyftingamótum sambandsins kom fram í íþróttaránnáli ársins á RUV á gamlaársdag. Félög mega vera dugleg og ófeimin við að leita til fjölmiðla og senda inn efni.
- LOTTÓGREIÐSLUR. Skýrt var frá fyrirkomulagi á greiðslu lottótekna, en félögin fá úthlutað frá sínum héraðssamböndum eftir reglum sem hvert héraðssamband setur.
- FELIX. Rétt skráning félagsmanna í skráningarkerfi ÍSÍ er mikilvæg. Tölur iðkenda í Felix eru lagðar til grundvallar við útreikninga m.a. á styrkjum.
- LYFJAMÁL. Mörg lyfjapróf hafa farið fram á mótum KRAFT án þess að lyfjamál hafa komið upp í kjölfarið. Menn voru ákaflega ánægðir og stoltir yfir þessu. Massi hefur fengið menn frá lyfjaeftirlitinu til að halda fræðslufund með félagsmönnum og mæltu með því.
- LÁGMÖRK. Menn voru sammála stjórninni um að setja þurfi lágmarksstandard fyrir Íslandsmet í nýjum þyngdarflokkum.
- MÓTAHALD. Menn voru sammála um nauðsyn þess að öll félög leggi til starfsmenn á fjölmönnum mótum og að markmiðið er að þjálfa upp fólk í öllum störfum svo dreifa megi álaginu. Massi fékk sérstakar þakkir fyrir að hafa lagt til tæki og tól á mörgum mótum. Bent var á kosti þess að menn deili með sér af reynslu sinni og læri hvert af öðru.
- KEPPNISGJALD. Skiptar skoðanir voru um hvað má telja eðlilega upphæð keppnisgjalds. Gjaldið verður ákveðið á kraftlyftingaþingi í janúar.
- SKRÁNINGAR Á MÓT. Best væri ef öll félög setti ákveðna manneskju í að sjá um skráningar fyrir sitt félag, bæði á mót og í félagaskrá. Óskað var eftir því að stjórnin skoði möguleikana á að hafa tvískipta skráningu eins og á erlendum mótum, 21 og 14 dögum fyrir mót.
- FÉLAGASKIPTI. Stjórnin var beðin að ákveða hvaða reglur gilda þegar menn skipta um félag á keppnistímabilinu.
- KRAFTLYFTINGAÞING. Búið er að auglýsa kraftlyftingaþing 29.janúar nk. Nú verða send kjörbréf til allra héraðssambanda samkvæmt skráðum fjölda iðkenda í Felix. Eingöngu menn með kjörbréf frá sínu sambandi hafa rétt til setu á þinginu.

Fundi var slitið kl. 18.30

Fundarritari: Gry Ek